



Til leikskólanefndar

Kópavogi, 14. janúar 2026

2212549/514.01 SHJ

Vorið 2017 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs þá tillögu að forgangsörðun í endurbótum leikskólalóða sem sett var fram í skýrslu um „Skemmtilegar leikskólalóðir“ (málsnr. 2212548) og þá aðferðafræði sem þar var kynnt. Síðan þá hafa reglulega verið gerðar stöðumatsskýrslur eftir því sem verkefninu vindur fram og þær lagðar fyrir leikskólanefnd, í þetta sinn skýrslan „Endurgerð leikskólalóða 2016-2025“, dags. 8.1. 2026, með uppfærðri stöðu og endurmati.

Á síðasta ári var unnið í endurgerð lóða leikskólanna Rjúpnahæðar og Baugs í verkefninu „Skemmtilegar leikskólalóðir“, en verkunum er ekki lokið. Að auki var lóð leikskólans Kópasteins (Litla-Steins) endurgerð fyrir sér fjárveitingu.

Lagt er til við bæjarráð að 90.000.000 kr. fjárveitingu á fjárhagsáætlun 2026 „Leikskólalóðir – endurnýjun“ (gjaldaliður 32143), verði varið til að ljúka endurgerð lóða leikskólanna Rjúpnahæðar og Baugs og hefja endurgerð lóðar leikskólans Marbakka, eftir því sem fjárveiting leyfir, enda er það í samræmi við uppfærðar tillögur í fyrrnefndri skýrslu; „Endurgerð leikskólalóða 2016-2025“, 8.1. 2026.

Virðingarfyllt,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
sviðsstjóri menntasviðs

Ásthildur Helgadóttir
sviðsstjóri umhverfissviðs

